

blað

STÉTTARFÉLAGANNA

1. tbl.
7. árg.

Febrúar
2017



Og hvað svo?

**Blað stéttarfélaganna er gefið út af
SFR stéttarfélagi í almannajónustu og
Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar.**

Ábyrgðarmenn

Árni Stefán Jónsson,
formaður SFR
Garðar Hilmarsson,
formaður St.Rv.

Ritnefnd

Áslaug Finnsdóttir, St.Rv.
Borghildur Hertervig, St.Rv.
Einar Ólafsson, St.Rv.
Elín Helga Jóhannesdóttir Sanko, SFR
Guðrún V. Bóasdóttir, SFR
Jóhanna Sóley Gunnarsdóttir, SFR
Svala Norðdahl, SFR
Þorsteinn V. Einarsson, St.Rv.
Þórdís B. Sigurgestsdóttir, St.Rv.
Vésteinn Valgarðsson, SFR

Ritstjóri

Ingimar Karl Helgason

Forsíða

Pressphotos.biz

Prófarkalestur

Stefanía Helga Skúladóttir

Lausapenni

Atli Þór Fanndal

Umbrot

Atli Þór Fanndal

Prentun

Guðjón Ó, vistvæn prentsmiðja
ISSN: 1670-881



Skrifstofur félaga



Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar
Grettisgata 89
105 Reykjavík
Sími: 525 8330
Fax: 525 8339
Netfang: strv@bsrb.is
www.strv.is



SFR stéttarfélag í almannajónustu
Grettisgata 89
105 Reykjavík
Sími: 525 8340
Fax: 525 8349
Netfang: sfr@sfr.is
www.sfr.is

Út í óvissuna

Ný ríkisstjórn hefur tekið þann pól í hæðina að bjóða félagsmönnum í SFR og Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, rétt eins og landsmönnum öllum, í óvissuferð.

Umfjöllun hér í blaðinu leiðir í ljós að enda þótt samstarfssáttmáli nýrrar stjórnar sé á köflum smekklega orðaður og þar sé lýst markmiðum sem flestir geta tekið undir, þá er ákaflega erfitt að koma auga á hvert kúrsinn verður tekinn. „Það sem maður saknar kannski er nánari útfærsla á þessum hugmyndum og meiri viðurkenning á að það virðist oft vera meiri ójöfnuður á Íslandi heldur en almenningur vill sjá eða jafnvel viðurkennir,“ segir Sigrún Ólafsdóttir, prófessor í félagsfræði í umfjöllun blaðsins um stjórnarsáttmálann.

Hún bendir á að ákvarðanir sem nú eru teknar, og virðast e.t.v. vera tiltölulega litlar, geta haft mikil áhrif á framþróun og framtíð velferðarkerfisins. „Þar af leiðandi er mikilvægt að það sé nákvæmlega útfært hvernig við ætlum að byggja það samfélag sem við viljum, ekki bara að það sé mikilvægt að tryggja jöfnuð varðandi heilsu og menntun.“ Undir þetta má taka.

En óvissan er ekki aðeins fólgin í stjórnarsáttmálanum. Lífeyrismálin voru afgreidd rétt fyrir áramót, ekki aðeins í ósætti við stéttarfélög opinberra starfsmanna heldur einnig í ágreiningi í þinginu. Þannig var bent á að málið væri í rauninni aðeins hálfklárað. Og það kemur á daginn í umfjöllun um lífeyrismálin hér í blaðinu að alger óvissa ríkir um hver séu næstu skref af hálfu hins opinbera.

Nýr ritstjóri

Ingimar Karl Helgason hefur tekið við ritstjórn Blaðs stéttarfélaganna.

Ingimar Karl hóf störf á fréttastofu Útvarpsins árið 2000 og hefur síðan starfað við fréttamennsku og ritstjórn. Hann hefur meðal annars unnið á Fréttablaðinu fréttastofu Stöðvar 2 auk Ríkisútvarpsins. Hann ritstýrði Reykjavík vikublaði og hefur einnig ritstýrt blöðum fyrir ýmis félagsamtök. Við bjóðum Ingimar Karl velkominn til starfa.



Eina vísbendingin um næstu skref er yfirlýsing nýs fjármálaráðherra um að áfram verði unnið að málinu. Formaður samninganefndar ríkisins og framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga mæla einum rómi um að viðræður verði teknar upp við stéttarfélögin. En starfshópar um málið hafa hvorki verið skipaðir, né er með fullu víst hvaða verkefni eru óleyst og heldur ekki hvernig á að leysa þau.

Það er með öllu óviðunandi að þúsundum opinberra starfsmanna sé vísað út í óvissuna með framtíð sína og kjör. Það breytir ekki þeim einbeitta vilja forystufólks stéttarfélaganna að standa vörð um hagsmuni sinna félagsmanna.

Efnisyfirlit

Orlofsúthlutun um páska	4
Lífeyrismálin: Og hvað svo?	6
Gott að vita - námskeið	12
Hvað er fólgið í nýjum stjórnarsáttmála?	16
Enn langt í jafnréttið?	20
Fjölbreytt námstækifæri	21
Jólaskemmtun stéttarfélaganna	24

ÞÍNN VINNUSTAÐUR ÞÍNN LÍÐAN ÞÍNN LAUN ÞÍNN KÖNNUN



Taktu þátt í könnun
um Fyrirtæki og
Stofnun ársins



Þín þátttaka
skiptir máli
fyrir okkur og þig

Í febrúar verður send út könnunin um Stofnun ársins til félagsmanna SFR stéttarfélags og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Í könnuninni verður spurt um starfsánægju, starfsanda, líðan fólks á vinnustað og launakjör.

Þátttaka í könnuninni veitir þér og okkur öllum mikilvægar upplýsingar og getur auk þess fært þér skemmtilegan vinning.



STÉTTARFÉLAG
Í ALMANNAFJÓNUSTU



Orlofsúthlutun um páska hjá St.Rv.

Nýtt fyrirkomulag

Úthlutun orlofshúsa um páska er nú skipt upp í þrjú tímabil til þess að koma sem best til móts við þarfir félagsmanna og gefa fleirifélagsmönnum kost á að njóta orlofshúsanna um og í kringum páskana.

**Sótt er um á orlofsvef
Starfsmannafélags
Reykjavíkurborgar
<http://orlof.is/strv/>**

Þar er farið inn í „umsókn páskar“ á bláa borðanum efst á síðu.

Veljið stað eða hús og tímabil.
Hægt er að sækja um fleiri en eitt hús.

Umsóknarfrestur er til og með
22. febrúar. Niðurstaða úthlutunar
liggur fyrir 24. febrúar.

Svar við umsóknum berst á það
netfang sem gefið er upp í orlofskerfinu.

Þeir félagsmenn sem komnir eru á eftir-
laun og eru virkir félagsmenn eiga sama
rétt og aðrir félagsmenn til að sækja um,
nú sem áður.

**Vikuleiga frá mánudeginum 10. apríl
til mánudagsins 17. apríl (7 nætur)**
Akureyri 2 stórar íbúðir
Munaðarnes 5 stór hús
Úlfljótsvatn 5 stór hús og 1 lítið
Verð stórt hús 26.000 kr.
lítið hús 19.000 kr.

**Leiga föstudagur 7. apríl
til miðvikudags 12. apríl (5 nætur)**
Munaðarnes 4 stór hús
Úlfljótsvatn 4 stór og 1 lítið
Akrakot stórt hús
Akrasel stórt hús
Úthlíð stórt hús
Verð stórt hús 24.000 kr.
- lítið hús 17.000 kr.

**Leiga miðvikudag 12. apríl
til 18. apríl (6 nætur)**
Munaðarnes 4 stór hús
Úlfljótsvatn 4 stór og 1 lítið
Akrakot stórt hús
Akrasel stórt hús
Úthlíð stórt hús
Verð stórt hús 25.000 kr.
lítið hús 18.000 kr.



Auknir orlofsmöguleikar félagsfólks SFR

Fjórir nýir orlofsmöguleikar hafa nú bæst við hjá félagmönnum SFR.

Fyrst er að nefna tvær nýjar íbúðir sem keyptar hafa verið við Grandaveg í Reykjavík í nýbyggðu húsi við JL húsið. Verið er að ljúka við að leggja þar gólfefni og kaupa húsgögn og búast má við að íbúðirnar verði tilbúnar til útleigu í febrúar.

Þá hefur einnig bæst við orlofshús í Munaðarnesi en það er hús sem Starfsmannafélag Ríkisútvarpsins átti í Vörðuási 17 en eins og kunnugt er þá gekk Stm. félag RÚV í SFR á síðastliðnu ári. Gamla húsið var flutt af staðnum og nýtt hús byggt frá grunni í sama stíl og önnur hús SFR í Munaðarnesi og mun verða leigt út til félagsmanna í mars.

Að lokum var gengið frá kaupum á stóru orlofshúsi að Selásum í Borgarfirði. Húsið er með stórri verönd og litlu gestahúsi og er steinsnar frá orlofsbyggðinni í Munaðarnesi. Húsið að Selásu var keypt tilbúið með húsgögnum og húsbúnaði og fer í útleigu í febrúar.

Ítarleg kynning verður í Orlofsblaði félagsins sem sent verður félagsmönnum fljótlega upp úr mánaðarmótum febrúar og mars.



Um hundahald á orlofssvæðum

Að gefnu tilefni minnum við á að stranglega er bannað að taka gæludýr með í orlofshús félaganna. Þetta á við um öll orlofshús nema þau sem eru sérstaklega skilgreind fyrir gæludýr.

**Gæludýr eru leyfð í eftirfarandi húsum:
St.Rv. Akarakot og Akrasel
SFR Hólasetur í Biskupstungum (í næsta mánuði mun nýtt hús bætast við)**



Og hvað svo?

Hver er staðan í lífeyrismálum félaga í SFR og St.Rv. og hvað skóp þá stöðu?

Alþingi samþykkti í lok síðasta árs lög um breytingar á Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Þáverandi fjármálaráðherra, Bjarni Benediktsson, talaði fyrir frumvarpinu sem lið í samkomulagi sem samtök opinberra starfsmanna gerðu við ríki og sveitarfélög um jöfnun lífeyrisréttinda. Í samkomulaginu var kveðið á um að „réttindi núverandi sjóðfélaga í A-deildum LSR og Brúar verði jafn verðmæt fyrir og eftir þær breytingar á skipan lífeyrismála ...“

Í frumvarpi ráðherra, sem nú er lögfest, var þess hins vegar ekki gætt heldur var undanskilin bakábyrgð af lífeyri aðildarfélaga A deildar LSR og Brúar sem ekki hafa náð 60 ára aldri þegar lögin taka gildi. Í bakábyrgðinni eru fólgin verðmæti sem ekki eru bætt með þeim lagabreytingum sem Alþingi hefur samþykkt.

Stéttarfélagin ósátt

Þessu hafa bæði BSRB og Kennarafélag Íslands mótmælt harðlega enda óvíst hvort alhliða afnám ríkisábyrgðar með þessum hætti standist stjórnarskrá landsins. Kí hefur tekið þá ákvörðun að stefna íslenska ríkinu vegna þessa. Árni Stefán Jónsson formaður SFR og varaformaður BSRB hefur einnig staðfest að BSRB muni fylgjast vel með enda séu menn þar á bæ afar óánægðir með framvindu mála. Árni sagði það einnig slæmt að ekki sé nægilegt traust milli aðila til þess að þau réttindi sem samið hefði verið um í samkomulaginu skiluðu sér ekki inn í lagabókstafinn þrátt fyrir mótmæli samtakanna. Hann segist þó binda miklar vonir við það að fljótlega verði farið í að jafna laun opinberra starfsmanna við almennan markað en jöfnun launa var einnig hluti af samkomulaginu.

Septembersamkomulagið

Í september árið 2016 undirrituðu BSRB og Kennarasamband Íslands samkomulag við fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir hönd sveitarfélaga um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. „Þessar breytingar miða að samræmingu lífeyrisréttinda á almennum og opinberum vinnumarkaði, að aldurstenging réttinda verði grundvallarregla kerfisins og að lífeyristökualdur verði hækkaður til að stuðla að sjálfbærni þess. Breytingarnar miða að því að koma á samræmdu lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn,“ segir í samkomulaginu. Stéttarfélagin benda á að ekki sé að fullu staðið við það ákvæði samkomulagsins að tryggt sé að réttindi sjóðfélaga séu jafn verðmæt fyrir og eftir breytingarnar. Samkvæmt nýsamþykktum lögum hækkar lífeyrisaldur opinberra starfsmanna og ríkisábyrgð sjóðanna er afnumin.

Eignaréttur stjórnarskrárinnar

Lífeyrisaldur var 65 ára á opinberum markaði en 67 ára á almennum markaði. Með lögum hefur lífeyrisaldur opinberra starfsmanna verið hækkaður í 67 ár. Í opinberum sjóðum voru áunnin réttindi þau sömu óháð aldri greiðanda en á almennum markaði voru þau aldurstengd. Það er að segja meiri eftir því sem sjóðsfélaginn var yngri. Með nýjum lögum eru réttindi opinberra starfsmanna aldurstengd.

Hjá opinberum sjóðum var iðgjald 15.5% - 16% af launum en 12% hjá almennum sjóðum. Með lagabreytingunni mun iðgjald almennra sjóða hækka í 15.5% í áföngum þannig að árið 2018 verði það hið sama í almennum sjóðum og hinum opinberu.



Samræmt lífeyriskerfi Yfirferð yfir framvindu málsins

2009

Stöðugleikasáttmáli um endurreisn íslensks efnahagslífs undirritaður milli ríkisstjórnarinnar, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins.

2010

Nefnd um málefni lífeyrissjóða skipuð.

2011

Starfshópur um málefni Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins skipaður.

2015

Kjarasamningar á almennum markaði undirritaðir með samkomulagi um að iðgjald í lífeyrissjóði hækki upp í 15.5%.

2016

Samkomulag heildarsamtaka opinberra starfsmanna um samræmingu lífeyrissréttinda milli almenns markaðs og opinbers markaðs undirritað.

Breytingar á lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins lögfest af Alþingi í desember síðastliðnum.

Formenn BSRB, BHM og Kennarasambands Íslands segja lögin mikil vonbrigði. Kennarasamband Íslands tilkynnir fyrirætlan félagsins um að láta reyna á hvort lögin séu í andstöðu við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. BSRB hefur einnig hafið könnun á því.

Í samkomulaginu eru markmið og forsendur þess að farið verði í þetta viðamikla verkefni útlistuð:

- Lífeyriskerfi landsmanna verði sjálfbært. Allir búi við samræmt fyrirkomulag í lífeyrismálum og geti fært sig milli lífeyrissjóða hvenær sem er starfsævinnar án þess að það hafi áhrif á réttindaávinnslu.

- Unnið verði markvisst að því að jafna kjör launafólks á opinberum og almennum vinnumarkaði eins og kostur er.

- Réttindi núverandi sjóðfélaga í A-deildum LSR og Brúar verði jafn verðmæt fyrir og eftir þær breytingar á skipan lífeyrismála sem kveðið er á um í samkomulagi þessu. Við jöfnun á tryggingafræðilegri stöðu og breytingar á réttindaávinnslu verði verðmæti núverandi sjóðfélaga sérstaklega tryggt.

- Útgjaldaskuldbindingar ríkis og sveitarfélaga vegna A-deilda LSR og Brúar verði sambærilegar við það sem orðið hefði miðað við núverandi skipan.

Hjá hinu opinbera báru launagreiðendur ábyrgð á sjóðunum ef þeir eru ófærir um að standa við skuldbindingar sínar en engin slík skuldbinding er hjá almennum sjóðunum. Með samþykkt Alþingis er nú engin ríkisábyrgð á réttindum þeirra sem eru yngri en 60 ára. Lögin gera þó ráð fyrir því að á móti komi fjármagn bæði í LSR og í varúðarsjóð sem ætlað er að tryggja óskert réttindi í 20 ár. BSRB og Kennarasambandið telja 60

ára regluna brot á samkomulaginu.

„Stéttarfélögin benda á að ekki sé að fullu staðið við það ákvæði samkomulagsins að tryggt sé að réttindi sjóðsfélaga séu jafn verðmæt fyrir og eftir breytingarnar“

Í fréttum RÚV 28. desember síðastliðinn sagði Árni Stefán Jónsson, varaformaður BSRB, að látið yrði reyna á hvort þessi breyting brjóti í bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. „Það er nokkuð

ljóst að það verður gert,“ sagði hann. Þá hefur fréttastofa eftir Árna að framkoma og túlkun yfirvalda á samkomulaginu hafi áhrif á samskiptin við ríkið að öll réttindi núverandi sjóðsfélaga séu ekki tryggt enda hafi félögin talið að samkomulagið gengi út á það. „Það er náttúrulega allt í forti og maður sér ekki alveg fyrir sér hvernig það mun þróast á næstu vikum og mánuðum.“

Lagabreyting þrátt fyrir ósætti

Við framlagningu frumvarpsins kom þegar fram að „Bandalag háskólamanna, BSRB og Kennarasamband Íslands gerðu athugasemdir við frumvarpið, við þinglega meðferð þess og töldu það ekki endurspeglar samkomulagið sem gert var í september 2016.“ Frummælandi frumvarpsins hafði þá þegar orð á því að ekki hefði tekist að ná samkomulagi en

að samtöl hefðu „farið fram á milli aðila um mögulega lausn og stóðu vonir til þess að sameiginleg niðurstaða fengist fyrir lok nóvember síðastliðinn en sú von brást.“

Í framsögu frumvarpsins, sem nú eru lög, sagði ráðherra að frumvarpið hefði þó tekið nokkrum breytingum frá því að málið kom síðast til kasta þingsins. Þær breytingar ættu að vera í átt að nánari sátt og í samræmi við samkomulagið frá því í september. „Tilurð þessa samkomulags má rekja til viðræðna aðila vinnumarkaðarins um nauðsyn þess að koma á samræmdu lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn. Ein af forsendum þess að ná fram slíkri samræmingu er að færa lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna í svipað horf og nú gildir á hinum almenna vinnumarkaði. Hafa viðræður um breytta skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna farið fram á vettvangi starfshóps um LSR sem skipaður var í mars 2011 og í eiga sæti fulltrúar annars vegar heildarsamtaka opinberra starfsmanna og hins vegar fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga og fjármála- og efnahagsráðherra,“ sagði Bjarni í þinginu.

Í sömu umræðu óskaði Katrín Jakobsdóttir, formaður VG, eftir því að frummælandi breytinganna skýrði sína hlið á þeirri gagnrýni sem komið hefur fram frá samtökum opinberra starfsmanna. „Mig langar að biðja hæstv. ráðherra að bregðast aðeins við þeirri gagnrýni sem hefur verið höfð uppi á frumvarpið af hálfu félaga innan samtaka opinberra starfsmanna þar sem því er haldið fram að til þess að lífeyrisréttindi geti talist jafn verðmæt sé mikilvægt að þeir sem á sínum tíma, 1997, völdu A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fái að halda þeim réttindum óskertum. Á þetta hefur verið bent t.d. af Kennarasambandi Íslands og telja forsvarsmenn þar að þetta sé í raun og veru forsendubrestur fyrir þá sem völdu á sínum tíma A-deildina. Mig langar að biðja hæstv. ráðherra að bregðast við þessari gagnrýni. Í ljósi þess að Kennarasambandið sendi frá sér yfirlýsingu í dag þar sem sambandið leggur til aðra leið, þ.e. að loka A-deildum LSR og Brúar fyrir nýjum sjóðfélögum og þannig verði ekki gengið á réttindi núverandi sjóðfélaga og er því haldið fram að þannig sé hægt að koma í veg fyrir að hækka þurfi iðgjöld inn í sjóðinn, langar mig líka að biðja hæstv. ráðherra að útskýra það fyrir okkur. Var sú leið eitthvað rædd í samtali fjármálaráðuneytisins við þessi heildarsamtök?“

Í svari ráðherra kemur fram að hann kannast við gagnrýnina. „Ég kannast við hugmyndina um að þeir sem völdu A-deildina verði varðir sérstaklega en ég sé í sjálfu sér ekki að ástæða sé til að ganga lengra en frumvarpið kveður á um, þ.e. að allir þeir sem eru í A-deildinni séu jafnsettir þegar kemur að þessu, óháð því hvenær og hvort þeir hafi á einhverjum tímapunkti átt kost á að vera mögulega áfram í B-deildinni. Það er einfaldlega slegið striki yfir 60 árin og það er ákveðið jafnræði í því að eitt skuli yfir alla ganga,“ svaraði ráðherra.

„Það er alveg klárt að það þarf að breyta launasamsetningunni og það getur vel verið að það séu einhverjir hópar sem sitja eftir og þá þarf að leiðrétta þá hópa.“

breytingar geta mögulega í framtíðinni haft áhrif, allt eftir því hvernig úr spílast.“

Skorað á nýjan fjármálaráðherra

Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, skoraði á Benedikt Jóhannesson, nýjan fjármálaráðherra að koma í gegn breytingum á lögum um lífeyrismál opinberra starfsmanna þannig að lögin verði í samræmi við samkomulag sem bandalög opinberra starfsmanna gerðu við ríki og sveitarfélög á síðasta ári. Þetta gerði Elín Björg meðal annars í aðsendri grein sem birtist í Fréttablaðinu og á vef félagsins, bsrb.is, þann 16. janúar síðastliðinn. „Það er gott til þess að vita að stjórnin ætli sér að styðja aðila vinnumarkaðarins í vinnu við umbætur á íslenska vinnumarkaðslíkaninu,“ skrifar Elín Björg. „Því miður verðum við hjá BSRB að líta svo á að það séu orðin tóm, enda öll slík vinna á ís um fyrirsjáanlega framtíð. Lykilforsendan fyrir því að hægt sé að gera slíkar breytingar er að traust ríki milli þeirra sem að þeim vinna.

Stjórnvöld brugðust því trausti gagnvart opinberum starfsmönnum þegar þau ákváðu að fara ekki að samkomulagi sem gert var við bandalög opinberra starfsmanna um lífeyrismál.“ Hún minnir á að traust sé forsenda góðs samstarfs og samkomulags. „Það tekur langan tíma og mikla vinnu að byggja upp traust en aðeins eitt augnablik að glata því niður. Hafi ný ríkisstjórn einhvern áhuga á því að auka efnahagslegan og félagslegan stöðugleika með

því að bæta vinnubrögð við gerð kjarasamninga er ljóst hvert fyrsta skrefið þarf að vera.“

Elín minnir nýjan fjármálaráðherra á að hann þurfi að koma í gegn breytingum á lögum um lífeyrismál opinberra starfsmanna þannig að þær skerðingar á áunnum réttindum sem Alþingi samþykkti fyrir júl verði leiðréttar og að staðið verði að fullu við samkomulagið frá 19. september. „Það þarf ekki að vera flókið og ætti ekki að taka langan tíma. Það eitt og sér að gera þessa breytingu vinnur ekki upp það traust sem glataðist þegar stjórnvöld og Alþingi ákváðu að hafa að engu skýr ákvæði í samkomulagi sem þáverandi fjármálaráðherra, nú forsætisráðherra, undirritaði. En það væri gott fyrsta skref að bæta fyrir skaðann. Þegar það er komið má skoða framhaldið.“

Viðræður hefjist á allra næstu vikum

„Það er afar mikilvægt að haldið verði áfram þeirri vinnu sem hafin var með breytingum á lögum um lífeyrisréttindi starfsmanna hins opinbera og framlagi ríkisins til lífeyris-



Mynd: Pressphotos.biz

sjóða þeirra,” sagði Benedikt Jóhannesson fjármálaráðherra þegar hann var inntur eftir því hvernig efna eigi samkomulagið við opinbera starfsmenn í samhengi við breytingar á lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. „Teknar verða upp viðræður við fulltrúa stéttarféлага opinberra starfsmanna á allra næstu vikum og unnið með þeim að útfærslu á sameiginlegri áætlun til þess að staðið verði við samningana.“ Blað stéttarfélaganna ræddi við Gunnar Björnsson, formann samninganefndar ríkisins, um afstöðu ríkisins til vinnunnar framundan sem og hvernig ríkið sjái fyrir sér að unnið verði að jöfnun launa.

Gunnar segir sjöunda lið samkomulagsins, sem fjallar um jöfnun launa, nokkuð skýran. Þar kemur fram að aðilar að samkomulaginu hafa sameinast um markmið og aðferðir við greiningu á vandanum. Í tengslum við mat á launapróun verði lögð sérstök áhersla á greiningu á launamun milli opinberra og almenna markaðarins og þróuð aðferðafræði sem nýtist til þess. Skilgreina á hlutlæg viðmið um hvenær leiðréttu beri launamun einstakra hópa. Þegar þau viðmið eru uppfyllt skal ákveða svigrúm ríkisins annars vegar og sveitarfélaga hins vegar til jöfnunar launa. Setja skal á fót samráðshóp þriggja fulltrúa heildarsamtaka opinberra starfsmanna og þremur fulltrúum launagreiðenda. Samráðshópurinn skal setja fram tillögur að áætlun um hvernig markmiðum launa skuli náð með útfærslu í kjarasamningum á 6

„Það tekur langan tíma og mikla vinnu að byggja upp traust en aðeins eitt augnablik að glata því.“

- 10 árum. Þá er hópnun ætlað að fylgja framkvæmdinni eftir. Á grundvelli þeirra kjarasamninga munu ríki og sveitarfélög skuldbinda sig til að leggja til fjármuni svo sett markmið náist á tilsettum tíma. Ef upp kemur óleysanlegur ágreiningur skal hann útkljáður í kjarasamningsviðræðum. Áður en til þess kemur að samráðshópurinn taki til starfa skal láta á

það reyna hvort tekið verði tillit til jöfnunar launamunar milli markaða við mótnun nýs vinnumarkaðslíkans. Aðilar munu því á þeim vettvangi beita sér sérstaklega fyrir því að nýtt vinnumarkaðslíkan feli í sér skýr markmið um launajöfnun á milli hópa á almennum og opinberum vinnumarkaði. Náist ekki niðurstaða í þeim efnum sem aðilar samkomulags þessa geta fallist á skal samráðshópurinn hefja störf eigi síðar en 1. apríl 2018.

- Hvernig horfa þessi markmið við ykkur. Hvernig sjáið þið fyrir ykkur að þetta verði athugað og skilgreint?

„Það er það sem átti að gera í samvinnu vegna þess að þetta hefur hvergi verið skilgreint áður. Í fyrsta lagi þá þarf maður að vita hvernig menn ætla að mæla almenna markaðinn. Á hvaða gögnum ætla menn að byggja á þar. Því til þess að geta fundið mismun við einhvern þarftu að vera með á hreinu hvað sá sem þú ert að bera þig saman við; hvernig hans laun eru. Þetta þarf að vera ansi mikið sameiginlegt verkefni. Það er sérstaklega tekið fram í samkomulaginu að launin og launamyndunin er mismunandi og það verði

„Téknar verða upp viðræður við fulltrúa stéttarféлага opinberra starfsmanna á allra næstu vikum og unnið með þeim að útfærslu á sameiginlegri áætlun til þess að staðið verði við samningana“

að taka tillit til þess enda sé aldrei hægt að fullyrða að allur launamunur sé ekki réttur. Það er sem sagt aðalmálið að það sé ekki ómálefnalegur launamunur,” svarar Gunnar.

- Hver er staðan á þessu? Eftir að breytingar á lögum um lífeyrisréttindi eru samþykkt þá fer ekki á milli mála að það er ekki sátt í málinu. Hver verða næstu skref af ykkar hálfu?


„Við höfum svolítið spurt að þessu sama. Félögin hafa svarað þessu þannig til - og við erum svo sem alveg sammála því - að samkomulagið er í gildi. Við vinnum bara áfram á forsendum samkomulagsins og þar á meðal er sjöundi liður þess, um jöfnun launa. Þar kemur fram að fyrst eigi að láta á það reyna hvort hægt sé að vinna að þessari jöfnu launamun við mótun á nýju vinnumarkaðslíkani.“ Hann segir málið í ákveðinni biðstöðu. „Á meðan það er ekki búið að ganga frá því með endanlegum hætti hvort þessi vinna fer fram undir formerkjum nýs vinnumarkaðsmóðels. Á meðan það liggur ekki fyrir nákvæmlega hvar sú vinna er stödd, þá er þetta svolítið í bið þar til línur skýrast í því. Hvort það verður á þessu ári er ég ekkert alveg viss um það náttúrulega liggur fyrir að það verður ekki seinna en 2018 sem verður farið í þessa vinnu. Þá verður skipaður þessi samráðshópur.“

- Þú nefnir að staðan sé ekki nægilega skýr við vinnu á nýju vinnumarkaðslíkani. Er málið ekki tekið nægilega föstum tókum? Hvað veldur því að staðan er óljós?

„Þetta er líka spurning um væntingastjórnun. Ef menn horfa á það hvernig þetta hefur gerst á Norðurlöndunum og hvernig menn hafa náð þar árangri þá sér fólk að það gerðist ekki á þremur eða fjórum árum. Það gerðist á áratugum. Þannig að það sem menn ætluðu sér kannski að gera í einu skrefi var of stórt. Ég held að menn séu að átta sig á því að þeir ætluðu sér of mikið og því þurfa menn aðeins að endurmeta málin.“

Launahækkanir og ríkið

Gunnar segir klárt mál að breyta þurfi launasamsetningu á hinum opinbera markaði. - Hver er afstaða ríkisins varðandi launahækkanir? Væntanlega er skilningur á því að laun þurfi að hækka eitthvað á opinberum markaði? „Það er alveg klárt að það þarf að breyta launasamsetningunni og það getur vel verið að það séu einhverjir hópar sem sitja eftir og þá þarf að leiðrétta þá hópa. Það eru þá aðrir hópar sem allavega við vitum um sem eru betur settir en á almennum markaði. Á því þarf væntanlega að taka líka. Í Svíþjóð kalla þeir þetta hið tvöfalda ójafnvægi. Það er að segja að í neðri hluta launastigans eru opinberir starfsmenn betur settir en í efri hluti stigans eru þeir verr settir. Þetta er einmitt eitt af því sem á eftir að skoða og meta svo hvernig verður tekið á.



Samkomulag um breytt fyrirkomulag lífeyrismála opinberra starfsmanna var undirritað í september.



Parna reynir svo líka á stéttarfélagamegin að þau axli ábyrgð á því að það sé samhljómur þeirra í millum um að einn megi hækka umfram aðra.“

Sveitastjórnarstigið í startholum

„Ég á von á því að undirbúningur á þessari vinnu sé að hefjast,“ sagði Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga, þegar Blað stéttarfélaganna innti hann eftir stöðu mála á þeirra enda. „Sambandið hefur rætt þetta við fjármálaráðuneytið. Það á að skipa starfshóp í tengslum við samkomulagið. Ég hef haft samráð við fjármálaráðuneytið um að sá starfshópur verði stofnaður og að vinna verði hafin við þetta verkefni.“

- Hópurinn er sem sagt bara við það að verða til?

„Já ég á ekki von á öðru en að menn ætli að standa við það sem kemur fram í samkomulaginu en þetta tekur auðvitað svolitinn tíma. Launajöfnun er langhlaup. Það er ekkert einfalt að finna nákvæmlega út hvernig á að framkvæma það.“

Blaðið spurði Karl hvernig sveitarfélögin nálgist verkefnið og þá sérstaklega hvort það sé almennt skilningurinn á þeim bænum að launakostnaður muni hækka. Það er að ekki sé aðeins um tilfærslur launagreiðslna innan kerfisins. „Til lengri tíma litið er mjög líklegt að þetta feli í sér aukinn launakostnað. Það hafa náttúrulega verið miklar launahækkanir undanfarið og það tekur alltaf tíma að finna út úr því hvað á að jafna. Innbyrðis hjá sveitarfélögunum erum við með starfsmatskerfi þannig að það á að vera launajöfnun milli sveitarfélaganna. Það á að vera launajöfnuður milli starfa samkvæmt þessu starfsmatskerfi. Það kerfi nær til mjög margra okkar

viðsemjenda en síðan er þetta spurning um launajöfnun á milli markaða. Það er mun flóknara mál,“ sagði Karl en ítrekaði að gengið yrði í það verk.

Flókið mat

„Stundum eru sveitarfélögin eða ríkið einu kaupendurnir af því vinnuframboði sem í hluta á. Það er að segja nær því að vera þeir einu. Það á t.d. við um kennara, hjúkrunarfræðinga og fleiri. Svo eru önnur störf sem eru meira á samkeppnismarkaði. Þar getur verið auðveldara að finna út samanburð. Þetta getur verið mjög snúið verkefni en menn ætla að ráðast í það og vinna á grundvelli þeirra markmiða sem var skrifað undir.“

- Þú ert raunar að segja að það sé ekki alveg komið á hreint hvernig greiningaferlið fari fram þótt markmið og stórar línur séu útlistaðar í samkomulaginu?

„Nei, en það hlýtur að gerast í starfshópnum að þetta verði skoðað og ákveðið. Það er svo sem búið að vera að skoða þessi mál svo árum skiptir og menn hafa ekki fundið einfaldar leiðir. Við jöfnun lífeyrisréttinda þá er sá þáttur frá. Það einfaldar kannski málið eitthvað en þetta er samt flókið verkefni.“

Sveitarfélögin misbúin til aukins launakostnaðar

Karl segir sveitarfélögin misvel í stakk búin til að taka á sig aukinn launakostnað. Hann bendir þó á að ef launakostnaður hjá sveitarfélögunum hækkar meira í takti við almennar hækkanir launakostnaðar þá helst sú hækkan betur í takt við útsvarstekjur sveitarfélaganna. „Það er alveg ljóst að sveitarfélögin eru mjög mismunandi stödd fjárhagslega og eiga misauðvelt með að standa undir auknum kostnaði.“

Gott að vita!

- Vor 2017

St.Rv. og SFR bjóða sameiginlega upp á námskeið og fyrirlestra fyrir félagsmenn nú á vorönn 2017. Fræðslunefndir félaganna hafa mótað dagskrána. Stefnan er að bjóða upp á fjölbreytta fræðslu, bæði stutta og lengri, á mismunandi tíma svo flestir finni eitthvað við sitt hæfi.

Fjöldatakmörkanir eru á námskeiðunum, því er skynsamlegt fyrir áhugasama að skrá sig sem fyrst.

Skráning og nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu eða skrifstofum félaganna:

- SFR - stéttarfélag í almannabjónustu,
www.sfr.is, sími 525-8340

- Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar (St.Rv.),
www.strv.is, sími 525-8330

Tvöfalt þrjón

Dagsetning: 15. febrúar

Kl. 18.30-21.00

Lengd. 2,5 klst.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð.

Leiðbeinandi: Guðrún María Guðmundsdóttir, eigandi Handverkaskúnstar

Á námskeiðinu þrjónum við prufu og þú lærir:

- þrjónatæknina
- fitja upp með einum og tveimur þráðum
- fella af með einum og tveimur þráðum
- útaukningu
- úrtöku

Þetta námskeið er ætlað fyrir þá sem hafa grunnþekkingu á þrjóni. Örvhentir sem og rétthentir velkomnir. Þátttakendur koma með garn í tveimur andstæðum litum og þrjóna sem hæfa garninu.

Jóga - grunnnámskeið

Dagsetning: 20., 27. febrúar

og 6., 13., 20., 27. mars

Kl. 20.00-21.15

Lengd: 7,5 klst.

Staður: Shree Yoga í Versölum 3, 200 Kópavogi

Leiðbeinandi:

Gyða Þórdís Þórarinsdóttir, jógakennari

Í þessum tímum verður boðið upp á jóga fyrir byrjendur. Farið verður í alla þrjá þætti sem tengjast jóga; Öndun (pranayama) Jógastöður (asana) hugleiðslu og slökun Möntrur (dharana) Farið verður rólega af stað en tímarnir geta verið mjög kröftugir. Hér reynum við á alla þætti líkamans, aukum liðleikann á allan hátt, hryggurinn verður liðugri, opnum öll liðamótin betur og náum betri og meiri teygju og liðleika.

Vekjum upp líkamsvitundina og uppskerum betri líkamsstöðu, aukinn styrkur og úthald og síðast en ekki síst öðlumst við betra jafnvægi til að takast á við daglegt amstur.

Jóga - framhaldsnámskeið

Dagsetning: 22. febrúar

og 1., 8., 15., 22. og 29. mars

Kl. 20.00-21.15

Lengd: 7,5 klst.

Staður: Shree Yoga í Versölum 3, 200 Kópavogi

Leiðbeinandi: Gyða Þórdís Þórarinsdóttir, jógakennari

Þetta námskeið er fyrir þá sem hafa lokið byrjendanámskeiði og langar að læra enn meira í lokuðum hópi. Dásamlegt tækifæri til að kynnst jóga og jógafræðinni enn betur og festa grunnatriðin í sessi. Regluleg ástundun yfir þetta tímabil gefur svo nemendum innsýn í hversu umbreytandi yoga getur verið.

Öndun – ujjayi pranayama, drishti – hvert þú beinir augunum í yögastöðunum til að halda einbeitingu, bandhas – líkamslásar, asana – líkamsæfingar, yogaheimspeki og möntrur.

**Gamlar gallabuxur fá nýtt líf
- handverksnámskeið**
Dagsetning: 27. febrúar
Kl. 18.00-21.00
Lengd. 3 klst.
Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð.
Leiðbeinandi: Gunnlaug
Hannesdóttir textílkennari

Þátttakendur velja úr mismunandi verkefnum sem öll eru unnin úr gömlum gallabuxum. Hver og einn velur fyrir sig hvaða verkefni hann vill vinna þetta kvöld, t.d. snyrtibuddu, skál, tuðrur, hjörtu og önnur smáverkefni. Fallest að saum út í hlutina eða skreyta þá með borðum, blúndum og perlum. Sýnishorn á staðnum. Þátttakendur koma með saumavél (tvinna, skæri o.fl.) og auðvitað gamlar gallabuxur.

Mósaík þrjón
Dagsetning: 7. mars
Kl. 18.30-21.00
Lengd. 2,5 klst.
Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð.
Leiðbeinandi: Guðrún María
Guðmundsdóttir, eigandi
Handverkskúnnar

Mósaík þrjón er skemmtileg tækni þar sem munstur er þrjónað með tveimur eða fleiri litum en eingöngu þrjónað með einum þræði í einu. Hentar byrjendum í munsturþrjóni jafnt sem vönum. Þetta námskeið er ætlað fyrir þá sem hafa grunnþekkingu á þrjóni. Þátttakendur koma með garn í tveimur andstæðum litum og þrjóna sem hæfa garninu.

**Undraheimurinn
Þingvallavatn – einstakt
vistkerfi undir álagi!**
Dagsetning: 9. mars
Kl. 17.00-18.30
Lengd. 1,5 klst.
Staður:
Grettisgötu 89, 1. hæð.
Leiðbeinandi: Hilmar J.
Malmquist, forstöðumaður
Náttúruminjasafns Íslands

Fjallað verður um einkenni og sérstöðu Þingvallavatns í jarð-, vatna- og líffræðilegu tilliti og greint frá ástandi vatnsins m.t.t. vatnsgæða og álagsþátta, einkum er varðar efnamengun og loftslagshlýnun. Byggt er að töluverðu leyti á niðurstöðum í vöktunarverkefni sem hófst 2007. Einnig er stuðst við niðurstöður annarra og eldri rannsókna sem sumar hverjar ná allt aftur til 1902. Rannsóknaniðurstöður sýna að umtalsverðar breytingar hafa átt sér stað í efna- og eðlisþáttum og lífríki vatnsins á undanförunum áratugum. Þingvallavatn hefur hlýnað í kjölfar loftslagshlýnunar, styrkur næringarefna í írennsli vatnsins norður í þjóðgarðinum lítur út fyrir að hafa aukist og þörungamagn úti í vatnsbolnum hefur vaxið, einkum að vori til og um haust.

Hönnun og list
Dagsetning: 13. mars
Kl. 18.00-22.00
Lengd: 4 klst.
Staður: StudioOs, Rangárseli 8
Leiðbeinandi: Helga
Unnarsdóttir leirkerasmiður

Áhugavert og spennandi námskeið þar sem Helga Unnarsdóttir leirkerasmiður leiðbeinir við gerð ýmskonar leirmuna. Þátttakendur fá tækifæri til að reyna fjölbreytta tækni og aðferðir við meðferð leirs, bæði mótun og hönnun. Hver þátttakandi gerir 5-6 leirmuni. Ekki láta þetta framhjá þér fara!

Hönnun og list

Dagsetning: 15. mars

Kl. 18.00-22.00

Lengd: 4 klst.

Staður: StudioOs, Rangárseli 8

Leiðbeinandi: Helga

Unnarsdóttir leirkerasmiður

Áhugavert og spennandi námskeið þar sem Helga Unnarsdóttir leirkerasmiður leiðbeinir við gerð ýmiskonar leirmuna. Þátttakendur fá tækifæri til að reyna fjölbreytta tækni og aðferðir við meðferð leirs, bæði mótun og hönnun. Hver þátttakandi gerir 5-6 leirmuni. Ekki láta þetta framhjá þér fara!

Markþjálfun - námskeið

Dagsetning: 15., 22. og 29. mars

Kl. 17:30 - 19:30

Lengd: 6 klst.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð.

Leiðbeinandi: Frímann

Sigurðsson, markþjálfari CPCC

Markþjálfun er kraftmikil aðferð til að valdefla einstaklinga, hvetja þá og styðja til að finna eigin svör á leið sinni í átt að þeim breytingum og árangri sem þjónar hverjum og einum. Á námskeiðinu verður m.a. farið í grundvallaratriði markþjálfunar, hvað markþjálfun er, aðferðarfræðin kynnt ásamt verkfærum og skoðað hvar markþjálfun geti nýst þátttakendum í hverju sem þeir taka sér fyrir hendur.

Kryddjurtaræktun í stofuglugganum

Dagsetning: 18. mars

Kl. 12.00-14.00

Lengd: 2 klst.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð.

Leiðbeinandi: Auður

Rafnsdóttir, höfundur

bókarinnar: Kryddræktun fyrir byrjendur

Auður Rafnsdóttir er mikil áhugamenneskja um ræktun kryddjurta og hefur verið iðin við að gefa áhugasömum ræktendum ráð á Facebook- síðu sinni og síðasta vor gaf hún út bók um ræktunina sem heitir Kryddjurtarækt fyrir byrjendur. Auður ætlar á þessu námskeiði að fara yfir helstu atriði sáningar kryddjurta

með sýnikennslu og kynna helstu atriði ræktunar og umhirðu kryddjurta í heild sinni.

Aðstæður til ræktunar eru misgóðar og lögð verður áhersla á upplýsingar um ræktun í pottum og kerjum eða við þær aðrar aðstæður sem fólk hefur í sínu nærumhverfi.

Fyrirspurnum verður svarað og fólk hvatt til að skrifa niður helstu áhættuþætti og hvað ber að varast- og eða hafa ber í huga við ræktun kryddjurta.

Matreiðslunámskeið með Dóru Svavars

Dagsetning: 20. mars

Kl. 17.30-21.30

Lengd: 4 klst.

Staður: Hússtjórnarskóli

Reykjavíkur, Sólvallagötu 12.

Leiðbeinandi:

Dóra Svavarsdóttir, eigand,

Culina – veitinga og

veislupjónustu

Dóra er margreyndur matreiðslumeistari og hefur haldið fjölda námskeiða í gerð grænmetisrétt. Hún er eigandi Culina veitinga og fyrrum eigandi veitingastaðarins Á næstu grösum. Augunum er beint að grænmetisfæði, baunum, meðferð þeirra og kryddum. Þetta er námskeið sem matreiðsluáhugamaðurinn lætur ekki fara fram hjá sér. Námskeiðið er verklegt, fólk vinnur saman í litlum hópum og í lokin setjumst við niður og borðum afraksturinn. Takmarkaður fjöldi kemst að, hér gildir reglan: fyrstur kemur fyrstur fær

Matreiðslunámskeið með Dóru Svavars

Dagsetning: 21. mars

Kl. 17.30-21.30

Lengd: 4 klst.

Staður: Hússtjórnarskóli

Reykjavíkur, Sólvallagötu 12.

Leiðbeinandi:

Dóra Svavarsdóttir, eigandi

Culina – veitinga og

veislupjónustu

Dóra er margreyndur matreiðslumeistari og hefur haldið fjölda námskeiða í gerð

grænmetisrétt. Hún er eigandi Culina veitinga og fyrrum eigandi veitingastaðarins Á næstu grösum. Augunum er beint að grænmetisfæði, baunum, meðferð þeirra og kryddum. Þetta er námskeið sem matreiðsluáhugamaðurinn lætur ekki fara fram hjá sér. Námskeiðið er verklegt, fólk vinnur saman í litlum hópum og í lokin setjumst við niður og borðum afraksturinn.

Takmarkaður fjöldi kemst að, hér gildir reglan: fyrstur kemur fyrstur fær

Förðunarnámskeið

Dagsetning: 23. mars

Kl. 18.00-21.00

Lengd: 3 klst.

Staður: Fjölbrautaskólinn í

Breiðholti, Austurberg 5

Leiðbeinandi: Guðrún Benný

Svansdóttir kennari við

snyrtibraut Fjölbrautaskólans í

Breiðholti

Námskeið fyrir þá sem hafa áhuga á að læra undirstöðuatriðið í dag- og kvöldförðun auk þess verður fjallað um umhirðu húðar. Farið verður í það áhugaverðasta sem er að gerast í straumum og stefnum í förðun í dag.

Næringarfræði – hvernig náum við utan um þetta!

Dagsetning: 27. mars

Kl. 20.00-21.30

Lengd: 1,5 klst.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð.

Leiðbeinandi: Elísabet

Reynisdóttir, næringarfræðingur

og næringarþerapísti

Elísabet greinir frá heildrænni sýn á næringarfræði. Hún skoðar tengsl næringar og geðræktar, hvernig hægt er að brjóta upp vana og hvað þarf til að lifa hollu lífi.

Auk þess að vera full af fróðleik er Elísabet einstaklega hress og skemmtilegur fyrirlesari.

Tálgun

Dagsetning: 29. og 30. mars

Kl. 18.00–21.00

Lengd: 6 klst.

Staður: Handverkshúsið,
Dalvegi 10–14, 201 Kópavogi.
Leiðbeinandi: Bjarni Þór
Kristjánsson

Fróðlegt og skemmtilegt námskeið þar sem Bjarni Þór, handverksmaður, kennir grunntækni við tálgun. Allt efnið og áhöld verða á staðnum. Farið verður yfir grunnatriði hnífsins, notkun hans og meðferð. Unnið verður í ferskan við en verkefni eru við við hæfi hvers og eins. Farið verður í efnafræði og meðhöndlun viðar og brýningu á hníf.

Stafræn ljósmyndun – ljósmyndanámskeið

Dagsetning: 25., 27. og 29. apríl.

Kl. 18.00–20.30

Lengd: 7,5 klst.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð.
Leiðbeinandi: Anna Fjóla
Gísladóttir, ljósmyndari

Farið er yfir helstu stjórnækni myndavélarinnar og grunnatriði myndatöku eins og samspil ljósops, hraða, ISO og áhrif þess á myndir. Einnig í áhrif linsa á rýmið. Fyrstu tvö skiptin fá þátttakendur þjálfun í að nota vélina og prófa sig áfram með stillingar o.fl. Í síðasta skiptið verður farið og teknar myndir utan dyra. Þátttakendur fá úthendi með helstu upplýsingum um ljósop, hraða, iso, photoshop og lagfæringar á myndum.

Þátttakendur þurfa að eiga eða hafa aðgang að stafrænni myndavél sem hefur manual fókus.

Jákvæð sálfræði

Dagsetning: 26. apríl og 3. maí.

Kl. 17.00–19.00

Lengd: 4 klst.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð.
Leiðbeinandi: Bóas Valdórsson,
sálfræðingur

Áhugavert og hagnýtt námskeið fyrir þá sem vilja kynnast jákvæðri sálfræði og hvernig hún getur nýst bæði í leik og starfi. Á námskeiðinu verður fjallað um helstu viðfangsefni jákvæðrar

sálfræði, s.s. hamingju, styrkleika, hugarfar, vellíðan og núvitund (e. mindfulness). Að loknu námskeiðinu ættu þátttakendur að hafa fengið innsýn í gagnlegar og uppbyggilegar aðferðir jákvæðrar sálfræði.

Golfnámskeið

Dagsetning: 22., 23., 29.

og 30. maí

Kl. 17.00–18.00

Lengd: 4 klst.

Staður: Golfklúbbur
Mosfellsbæjar

Leiðbeinandi: Andrea
Ásgrímsdóttir, PGA golfkennari

Golfnámskeið fyrir þá sem vilja kynnast þessu skemmtilega sporti og læra réttu tækin. Námskeiðið er í samvinnu við Golfklúbb Mosfellsbæjar. Allar frekari upplýsingar verða sendar til þátttakenda þegar nær dregur. Fylgist með pósinum ykkur! Þátttakendur þurfa sjálfir að koma með golfsett á námskeiðið.

Golfnámskeið

Dagsetning: 22., 23., 29.

og 30. maí

Kl. 18.00–19.00

Lengd: 4 klst.

Staður: Golfklúbbur
Mosfellsbæjar

Leiðbeinandi: Andrea
Ásgrímsdóttir, PGA golfkennari

Lýsing: Golfnámskeið fyrir þá sem vilja kynnast þessu skemmtilega sporti og læra réttu tækin. Námskeiðið er í samvinnu við Golfklúbb Mosfellsbæjar. Allar frekari upplýsingar verða sendar til þátttakenda þegar nær dregur. Fylgist með póstinum ykkar!

Þátttakendur þurfa sjálfir að koma með golfsett á námskeiðið.



Mynd: Pressphotos.biz

Hvað er fólgið í nýjum stjórnarsáttmála?

Ný ríkisstjórn tók við í byrjun árs og birti samstarfssáttmála sinn. Viðmælendur Blaðs stéttarfélaganna eru sammála um að sáttmálinn sé rýr og almennt orðaður. Erfitt sé að gera sér grein fyrir því hvað sé framundan af hálfu ríkisstjórnarinnar. Flestir eru þó sammála um að þarna vanti mikilvæga hluti.

„Við fyrstu sýn er stjórnarsáttmálinn að mörgu leyti fallett plagg með hugmyndir sem rannsóknir hafa sýnt að njóta mikils stuðnings í samfélaginu, t.d. varðandi jafna heilbrigðisþjónustu og menntun fyrir alla, óháð efnahag. En það sem maður saknar kannski er nánari útfærsla á þessum hugmyndum og meiri viðurkenning á að það virðist oft vera meiri ójöfnuður á Íslandi heldur en almenningur vill sjá eða jafnvel viðurkennir,“ segir Sigrún Ólafsdóttir, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands um nýjan stjórnarsáttmála Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar.

Stiklað á stóru

Ef stiklað er á stóru segir í stjórnarsáttmálanum að forgangsmál verði „örugg og góð heilbrigðisþjónusta óháð efnahag og þjóðfélagsstöðu“ og að stefnt verði að því að minnka greiðslupátttöku í heilbrigðisþjónustu. Jafnrétti á vinnu- markaði fær nokkurt rými í stjórnarsáttmálanum og til að koma í veg fyrir launamisrétti eigi fyrirtæki með 25 starfsmenn eða fleiri að taka árlega upp jafnlaunavottun. Þá eigi að hækka hámarksfjárhæðir í fæðingarorlofi „í öruggum skrefum á kjörtímabilinu“.



Talað er fyrir eflingu allra skólastiga og áherslu á menntun, en um leið: „Tryggja þarf jafnræði nemenda og valfrelsi með því meðal annars að styrkja fjölbreytt rekstrarform.“

greiðslu ríkisskulda verður áfram stutt við sterka stöðu í ríkisfjármálum.“ Einnig: „Sett skulu tímasett markmið um betri rekstur og aukna framleiðni hjá hinu opinbera.“ Styrkja á stöðu í ríkisfjármálum með sölu eigna og því að borga niður skuldir.

Aðhald boðað

Ekki er fjallað nákvæmlega um hvernig tekjuöflun ríkisins eigi að vera en styrkja eigi skatteftirlit. Þá segir: „Með aðhaldi í ríkisrekstri, sölu eigna sem komust í eigu ríkissjóðs í kjölfar bankahrunsins og niður-

Eins langt og það nær

Árni Stefán Jónsson formaður SFR segir að sáttmálinn sé almennt orðaður og erfitt að átta sig á því



„Ég sakna reyndar þess að ekkert sé fjallað um húsnæðismálin hvorki almennt né sérstakar aðgerðir fyrir unga fólkið.“

- Garðar Hilmarsson,
formaður
Starfsmannafélags
Reykjavíkurborgar



„Það er ekkert fjallað um kjör opinberra starfsmanna.“

- Árni Stefán Jónsson,
formaður SFR



hvað nákvæmlega sé framundan. „Það má lesa út úr sáttmálanum að auka skuli tekjuöflun ríkissjóðs með sölu ríkiseigna sem þýðir einkavæðing eða efla skattaeftirlit, sem er jú gott mál en er ekki alveg í hendi.“

Árni Stefán bætir því við að ekkert sé fjallað um kjör opinberra starfsmanna „eins og að nú liggur fyrir að það á að fara í vinnu um jöfnun launa milli opinberra starfsmanna og starfsmanna á almennum markaði.“

Almennt orðaður og óljós

„Stjórnarsáttmálinn er almennt orðaður og óljós“ segir Garðar Hilmarsson, formaður Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, „það er ekki fyrr en kemur að framkvæmd sem ljóst verður hvort hann sé til góðs eða ills.“ Garðar tekur sérstaklega fram að í stjórnarsáttmálanum er ekkert fjallað um húsnæðismál, hvorki almennt né með tilliti til ungs fólks og hann sakni þess. Rifja má upp í þessu sambandi, líkt og fjallað var um í síðasta tölublaði, að BSRB ásamt ASÍ hafa átt frumkvæði að því að reisa hundruð leiguíbúða á næstu misserum.

Góð áhersla á launamuninn

„Eins og fram hefur komið er stjórnarsáttmálinn frekar almenns eðlis og það á eftir að koma í ljós hvernig ásetningi er komið í framkvæmd. Það sem er gott er áhersla á að jafna kynbundinn launamun og að efla baráttuna gegn mansali,“ segir Drífa Snædal, framkvæmdastýra Starfsgreinasambands Íslands. Hún tekur undir með Garðari um húsnæðismálin. „Það sem vekur athygli er hins vegar að ekki er stafur um húsnæðismál en þau hafa mjög mikil áhrif á lífskjör fólks og er eitt stærsta samfélagslega verkefnið sem við glímum við. Þá hefði ég líka viljað sjá að baráttunni gegn félagslegum undirboðum væri gerð skil,“ bætir Drífa við.

Mikilvægt að tryggja jöfnuð

Sigrún Ólafsdóttir prófessor bendir á að í stjórnarsáttmálanum sé fátt fjallað um hvert sé æskilegt rekstrarfyrirkomulag kerfa samfélagsins og nefnir þar bilið

„Það sem er gott er áhersla á að jafna kynbundinn launamun.“

- Drífa Snædal,
framkvæmdastýra
Starfsgreinasambandsins

„Ójöfnuður eykst oft þegar mikil áhersla er á einkarekstur þar sem að það þýðir í raun oft að þeir hópar sem betur standa í samfélaginu hafa betra aðgengi að slíkri þjónustu á meðan almúginn þarf að leita, í sumum tilfellum, í fjársvelt opinber kerfi.“

- Sigrún Ólafsdóttir,
prófessor í félagsfræði
við Háskóla Íslands

milli hins opinbera og einkarekstrar. „Auðvitað hafa bæði rekstrarform sína kosti og galla en rannsóknir hafa sýnt að ójöfnuður eykst oft þegar mikil áhersla er á einkarekstur þar sem að hann þýðir í raun oft að þeir hópar sem betur standa í samfélaginu hafa betra aðgengi að slíkri þjónustu á meðan almúginn þarf að leita, í sumum tilfellum, í fjársvelt opinber kerfi.“

Sigrún hefur verið búsett Bandaríkjunum undanfarin 17 ár og finnur mikinn mun á orðræðu almennings þar og hér á landi og raunar almennt í ríkjum Evrópu. Vestanhafs sé til að mynda oft litið á heilbrigðisþjónustu sem forréttindi en ekki sjálfsögð réttindi. „Svipað á við um menntun Bandaríkjamenn tala um mikilvægi jafnra tækifæra, en upplifa þau ekki í raun. Sem dæmi má nefna þá eru skólagjöld í Bostonháskóla þar sem ég var dósent um 5,5 milljónir á ári. Enda sýna nýleg gögn að 10% nemenda þar koma frá 1% ríkustu Bandaríkjamanna og einungis 20% nemenda frá lægstu 60%. En samt sem áður er sá skóli aðeins í 93. sæti þegar þessi ójöfnuður er skoðaður. Auðvitað erum við enn mjög langt frá Bandaríkjunum varðandi þetta en við vitum samt að ákvarðanir sem eru teknar í dag og virðast tiltölulega litlar geta haft mikil áhrif á framþróun og framtíð íslenska heilbrigðis- og menntakerfisins og þar af leiðandi er mikilvægt að það sé nákvæmlega útfært hvernig við ætlum að byggja um það samfélag sem við viljum, ekki bara að það sé mikilvægt að tryggja jöfnuð varðandi heilsu og menntun.“





AÐALFUNDUR

STARFSMAFFÉLAGS REYKJAVÍKUR

Aðalfundur Starfsmannafélags Reykjavíurborgar
verður haldinn þriðjudaginn 4. apríl 2017 kl. 17:00,
að Grettisgötu 89.

Venjubundin aðalfundarstörf verða á dagskrá.
Boðið verður upp á léttan kvöldverð á fundinum.

Allir félagsmenn eru velkomnir á fundinn.

Stjórnin

AÐALFUNDUR

SFR STÉTTARFÉLAGS Í ALMANNAÞJÓNUSTU

fimmtudaginn 23. mars 2017 kl. 17 að Grettisgötu 89, 1. hæð

DAGSKRÁ

- Skýrsla stjórnar.
- Reikningar félagsins.
- Lagabreytingar.
- Stjórnarkjör.
- Kosinn löggiltur endurskoðandi, 2 skoðunarmenn og 2 til vara.
- Kosið í kjörstjórn, 5 manns og jafnmargir til vara.
- Ákvörðun um iðgjald félagsmanna og skipting milli sjóða.
- Kosið í stjórnir Orlofsjóðs, Vinnudeilusjóðs, Starfsmenntunarsjóðs og Styrktar- og sjúkrasjóðs.
- Fjárhagsáætlun.
- Ályktanir aðalfundar afgreiddar.
- Önnur mál.

Allir félagsmenn eru velkomnir.

Boðið verður upp á léttan kvöldverð.



STÉTTARFÉLAG
Í ALMANNAÞJÓNUSTU



Enn langt í jafnréttið?

Í árlegri skýrslu Alþjóðafnahagsráðsins þar sem fjallað er um stöðu jafnréttis kynjanna í 144 ríkjum er Ísland í fyrsta sæti, áttunda árið í röð. Þrátt fyrir það eru 83 ár í að fullu jafnrétti kynjanna verði náð hér á landi, haldi fram sem horfir í jafnréttismálum.

Í skýrslunni er árangur ríkja metinn út frá ýmsum þáttum. Ísland er í fyrsta sæti þegar mæld er þátttaka kvenna í stjórnmálum og aðgengi kvenna að menntun. Þá er Ísland ofarlega þegar kemur að atvinnuþátttöku og tækifærum á vinnumarkaði. Ísland er hins vegar vel fyrir neðan miðju þegar kemur að heilsu, í 104. sæti af 144.

11. sæti í launajafnrétti

Alþjóðafnahagsráðið metur einnig kynbundið launamisrétti. Þar hafnar Ísland í 11. sæti af 114. Miðað við þróunina telur ráðið að óútskýrður launamunur sé 13% sem rímar ágætlega við niðurstöður kannana sem gerðar hafa verið hjá SFR og Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar. Nýjasta könnun þessara tveggja stéttarféлага sýndi að 15-16% óútskýrður munur er á launum opinberra starfsmanna í félögunum tveimur.

83 ár í jafnrétti

Samkvæmt skýrslunni má áætla að stúlkubarn sem fæðist í dag þurfi að ná 83 ára aldri til að upplifa það að jafnrétti hafi náðst að fullu, að því er fram kemur á vef velferðarráðuneytisins. Það er að því gefnu að þróunin í átt að jafnrétti

kynjanna haldi áfram á sama hraða á komandi árum og undanfarið.

Ísland er, eins og áður segir, í fyrsta sæti listans yfir þau ríki þar sem jafnrétti er mest. Í næstu sætum á eftir eru Finnland, Noregur og Svíþjóð. Einhverjum gæti komið á óvart að Rúanda er í fimmta sæti en Danmörk vermir 19. sætið. Í neðstu fjórum sætum eru Sádi-Arabía, Sýrland, Pakistan og að lokum Jemen í neðsta sætinu.

Þarf að uppræta launamisrétti

Jafnréttismál eru hornsteinn í stefnu BSRB og þar með Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og SFR. Félögin hafa tekið þátt í baráttunni fyrir auknu jafnrétti kynjanna undanfarin ár. Það er augljóslega óásættanlegt að bíða í 83 ár eftir því að fullu jafnrétti verði náð. Í raun er óásættanlegt að misréttið sé til staðar og því verður að bregðast við strax. Það þarf að vera forgangsverkefni stjórnvalda, atvinnurekenda og verkafélagsheyringarfingrarinnar að uppræta kynbundinn launamun með öllu. Það má til dæmis gera með því að lyfta hulunni af launasetningu á vinnustöðum og gera stjórnendur ábyrga fyrir launajafnrétti.

Samkvæmt skýrslunni má áætla að stúlkubarn sem fæðist í dag þurfi að ná 83 ára aldri til að upplifa það að jafnrétti hafi náðst að fullu



VORÖNN 2017

*Fjölbreytt námstækifæri fyrir
trúnaðarmenn og fulltrúa*

Trúnaðarmannanám BSRB og Félagsmálaskóla alþýðu

Trúnaðarmannanám I, 2. þrep, verður kennt í febrúar. Í mars og apríl heldur kennsla áfram í Trúnaðarmannanámi II þegar 6. og 7. þrep verða kennd.

- Þrep 2, 13. - 14. febrúar kl. 9-15:45 í BSRB-húsinu, Grettisgötu 89.
- Þrep 6, 13. - 14. mars kl. 9-15:45 í BSRB-húsinu, Grettisgötu 89.
- Þrep 7, 5. - 6. apríl kl. 9-15:45 í BSRB-húsinu, Grettisgötu 89.

Á 2. þrepi kynnst nemendur meðal annars grunnuppbyggingu launaseðla og launaútreikninga og staðgreiðslu skatta. Einnig er starfsemi stéttarfélaga kynnt sem og réttindi félagsmanna.

Meðal efnis á 6. þrepi kynnst nemendur helstu tegundum samtala, notkun spurnarforma og hver eigi að hlutast til um erfið eða viðkvæm mál. Einnig er farið í helstu áhættuþætti meðvirkinnar.

Á 7. þrepi kynnst nemendur starfi náms- og starfsráðgjafa og mikilvægi þeirra við að aðstoða við val á námi og starfi. Nemendur læra að setja upp eigin færnimöppu og kynnst því hvernig færnimappan nýtist trúnaðarmanninum til að greina hæfni sína, sinna starfi trúnaðarmanns og greina styrkleika sína.

TRÚNAÐARMENN & FULLTRÚAR

Fræðslumorgnarnar eru fastur liður að morgni þess dags sem trúnaðarmannaráð SFR fundar. Þeir eru hins vegar ætlaðir trúnaðarmönnum og fulltrúum beggja félaga. Allir trúnaðarmenn SFR og St.Rv. eru velkomnir en skráning er nauðsynleg.

Starfsmaðurinn og breytingar

Fös. 10. feb. kl. 9:00-12:15 - Grettisgötu 89

Breytingar á störfum og í starfsumhverfi geta haft áhrif á dagleg samskipti á vinnustað. Námskeiðinu er ætlað að hjálpa trúnaðarmönnum að þekkja orsakir og einkenni hegðunar sem fram geta komið í breytingaferlinu og gera þá þannig betur í stakk búna til að sinna hlutverki sínu. Leiðbeinandi: Steinunn Stefánsdóttir frá Starfsleikni.

Vaktavinna

Mið. 26. apr. kl. 10:00-12:15 - Grettisgötu 89

Á námskeiðinu verður fjallað um þann hluta kjarasamnings sem snýr að vaktavinnufólki. Farið verður yfir lengd vakta, vaktskrá, breytingu á vaktskrá, vetrarfrí og bætingu, matar og kaffitíma vaktavinnufólks o.s.frv. Leiðbeinendur: Frá kjarasviðum SFR og Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar

Áfangar: Fæðingarorlof

Samstaðan hefur skapað okkur heilmikil réttindi sem hefur kostað okkur mikla baráttu að öðlast. Lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna frá árinu 1954 voru afar merkur áfangi í kjara- og réttindabaráttu BSRB og urðu í fyllingu tímans fyrirmynd að auknum réttindum fyrir annað launafólk.

Lögin fólu m.a. í sér ákvæði um fæðingarorlof og veikinda- og orlofsrétt. Grunnurinn í þeirri baráttu hefur verið samstaða launafólks.

Árangur hefur náðst þegar launafólk hefur snúið bókum saman til þess að ná mikilvægum markmiðum sem hefur komið öllu launafólki til góða, sama hvar í sveit það er sett. Opinberir starfsmenn, iðnaðarmenn, sjómenn, kennarar, verkakonur í fiskvinnslu, starfsfólk á sambýlum.

Fæðingarorlofið er eitt af þessu.


Misbrestur á greiðslum í veikindum

Er örugglega verið að greiða þér rétt?



Við viljum vekja athygli á því að þegar félagsmenn hafa þurft að nýta sér sjúkradagpeninga Styrktar- og sjúkrasjóðs SFR að loknum veikindarétt, hefur í allnokkrum tilvikum komið í ljós við skoðun launaseðla að ekki er verið að greiða rétt laun. Í þeim málum sem hafa komið upp er ekki greitt meðaltal yfirvinnu síðustu tólf mánuða líkt og kveðið er á um í flestum kjarasamningum. Í sumum tilvikum hefur vantað hundruð þúsunda upp á greiðslur. Því hvetjum við bæði félagsmenn og launafulltrúa til að skoða ítarlega réttindi til launa í veikindum. Einnig má alltaf hafa samband við skrifstofu félagsins ef einhver vafi leikur á réttindum eða hvort rétt sé greitt.

Er verið að greiða þér rétt í veikindum?
Alls ekki segja upp í veikindum!
Hafðu samband við stéttarfélagið þitt!



Stækkun Norðuráss

Stjórn Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar hefur samþykkt að fara í stækkun á orlofshúsi félagsins Norðurási í Svínadal Hvalfjarðarsveit.

Húsið er í dag 40 fm. að stærð og verður stækkað um tæpa 50 fm. Stofa verður lengd og byggð viðbygging í vestur, nýr inngangur, hjónaherbergi og geymsla.

Sjá meðfylgjandi teikningu

Hvalfjarðarsveit hefur samþykkt teikningar og verður lokað fyrir leigu frá og með 1. febrúar n.k. en leitað er að verktaka til að taka að sér verkið.

ORLOFSHÚS UM PÁSKA HJÁ SFR

Dögunum
í kringum páska
er skipt í þrjú
tímabil eins og
sjá má hér til
hliðar. Með þessu
móti tvöfaldast
páskatímabilið og
fleiri njóta.

SÆKJA ÞARF UM Á ORLOFSVEF SFR Í GEGNUM MÍNAR SÍÐUR.

Veljið ORLOFSVEFUR og síðan UMSÓKNIR. Þar
er valið tímabil og staður (eða hús ef það á við).
Á vefnum má einnig finna nánari upplýsingar
um orlofshúsin sem í boði eru.

UMSÓKNARFRESTUR ERTIL & MEÐ 22. FEBRÚAR NÆSTKOMANDI. NIÐURSTAÐA ÚTHLUTUNAR LIGGUR FYRIR 24. FEBRÚAR.

Svar við umsókn berst á það netfang sem skráð
er á Mínun síðum. Mjög mikilvægt er að vanda
innskráningun til þess að svörin við umsókn
berist hratt og vel.

Lífeyrisþegar hafa ekki rétt til þess að sækja um
úthlutun þau tímabil sem hér eru tilgreind,
en geta eins og aðrir bókað þau hús sem laus
eru eftir að úthlutun lýkur.

1. Hefðbundin úthlutun

frá mánudegi 10. apríl – mánudagsins 17. apríl

Hús í boði:

Akureyri, Hamratún (1 íbúð m/potti)
Reykjavík, Grandavegur 42 (2 íbúðir)
Munaðarnes, Bjarkarás (nr. 10 f/hreyfihamlaða)
Munaðarnes, Bjarkarás (hús nr. 5)
Munaðarnes, Stekkjarhóll (2 hús)
Munaðarnes, Vörðuás (2 hús)
Húsafell (hús nr. 6)
Arnarstapi, Snæfellsnesi (1 hús)
Skorradalur (1 hús)
Vaðnes Grímsnesi (4 hús)

Verð 26.000 (7 dagar)

2. Helgin fyrir páska & dymbilvika

frá föstudegi 7. apríl - miðvikudags 12. apríl

Hús í boði:

Akureyri, Skálatún (1 íbúð)
Akureyri, Kjarnabyggð (1 hús)
Munaðarnes, Bjarkarás (hús nr. 3)
Munaðarnes, Stekkjarhóll (2 hús)
Munaðarnes, Vörðuás (hús nr. 14)
Selásar, Borgarbyggð (1 hús)
Húsafell (nr. 4)
Vaðnes, Grímsnesi (3 hús)
Hólasetur, Reykholt Biskupstungum (1 hús)
Reykjavík, Sólún (1 íbúð)
Reykjavík, Grandavegur 45 (1 íbúð)

Verð 24.000 (5 dagar)

3. Páskahátíðin

frá miðvikudegi 12. apríl - miðvikudags 19. apríl

Hús í boði:

Akureyri, Skálatún (1 íbúð)
Akureyri, Kjarnabyggð (1 hús)
Munaðarnes, Bjarkarás (hús nr. 3)
Munaðarnes, Stekkjarhóll (2 hús)
Munaðarnes, Vörðuás (hús nr. 14)
Selásar, Borgarbyggð (1 hús)
Húsafell (nr. 4)
Vaðnes, Grímsnesi (3 hús)
Hólasetur, Reykholt Biskupstungum (1 hús)
Reykjavík, Sólún (1 íbúð)
Reykjavík, Grandavegur 45 (1 íbúð)

Verð 26.000 (7 dagar)

UMSÓKNARFRESTUR 22. FEB.





Jólaball SFR og St.Rv.

Jólaball SFR og St.Rv. var haldið með pomp og prakt laugardag 10. desember. Tæplega 400 manns, félagsmenn og fjölskyldur þeirra skemmtu sér þar konunglega eins og myndirnar sýna.





			2	3				
5	2			7				
		1			4	2		8
	3	4						
7					8			9
	8			6	9	4		7
					2	7		
2	4	9			3	6	5	
				9			8	2




Stefán Ívar Ívarsson er krossgátu-vinningshafinn að þessu sinni. Stefán starfar hjá Reykjalundi sem verkstjóri hjá starfsendurhæfingu og hefur verið þar í um 15 ár. Hann segist tiltölulega nýbyrjaður að gera krossgátur eða fyrir 2-3 árum. Það sé samt stótt skemmtilegt að hann gerir alltaf gáturnar í Blaði stéttarfélaganna en hefur einungis einu sinni áður sent inn lausn. Stefán er að vonum ánægður með vinninginn og ætlar að bjóða frúnni í sumarhús.



	AFBRIGI		FRAM- BURÐUR	ISKUR	U	MÁL- MUR KRAFTUR	S	ÖTULL	HEITI	NUÐA				
	HYGGSÐAR- LEIÐUR		F	Á	B	R	O	T	I	N				
	DYRHLJÓÐ		U	R	R	STIG SKOKK	G	R	Á	Ð	A	Ú		
	KER- LEIÐUR		Á	S	T	NÖLDRA SKARD	K	L	I	F	A			
	TILREIÐA MÓÐINS		V	E	R	K	A	TVEIR EINS FORFADIR	N	N	TÖFFARI			
	↓	EGNA TRUFULA	Æ	NAFNÓT SÆLINÐYR	T	I	T	I	L	UTAN SMYRSL	Á	N	STÓLPI	G
STEIN- FELLA	M	Ó	S	A	Í	K	JAFNOKI ÓSKA	M	A	K	I	SJÓ VIÐTREKI	S	Æ
YNDIS	U	N	A	Ð	S	TUNNUR NÝJA	Á	M	U	R	Á SJÓ HREINSEI- FFNIS	Ú	T	I
KOMAST ALMÆTTIS	N	Á	SÁÐJÖRD GAFL	A	K	UR	ÁKVÆÐNI HNI- LEIÐUR	F	E	S	T	A	SÖNGLA	
	G	U	Ð	S	ELSKA KYABB	U	N	N	A	FUGL GELUNAFN	M	Á	V	U
DÓMS	M	A	T	S	GÓLA ÖVILD	G	A	L	A	HYÐI SVIK	P	A	R	A
	↓	STÆKKA ÞRAUT	A	U	K	A	RÁNDÝR HÖFÐYR	Ú	L	F	U	HLJÓMUR	U	
ARFGengi NIÐUR	E	R	F	Ð	A	TIGNA TALA	A	Ð	L	A	SKAUT FESTA	P	Ó	L
	O	F	A	N	LOKA FÉLAGAR	L	Á	S	A	L	L	SKÓLI LÍN	M	A
Í RÖÐ	T	U	VÖKJA TVI- SÖNGUR	V	A	T	N	S	ÁNÆGJU FLINK	S	Æ	L	U	SÁL
ÞELTI	L	I	N	D	I	TÍF SÝKING	T	I	K	K	TITILL HÖND	S	É	R
	R	MÆLI- EINING USS	Ú	N	S	A	ANGAR HLÓÐIR	I	L	M	A	R	ÞREYTA	N
		TVEIR EINS	Þ	E	I	M	→	S	M	Á	U	LOGA	E	L
MEIRI	B	E	T	R	I	SPÍRA	T	U	R	N	ROTNUN	F	Ú	I
NAG	B	I	T	T	J	SKADI	Ó	N	D	HER- MADUR	Á	T	I	

Lausn: Jóla-myndagáta 2016



ÁKVÖRÐUN KJARARÁÐS HLEYPTI ILLU BLÓÐI Í FÓLK

Á KVÖR(N) Ð UN(D) KJ-A-R AR ÁÐ-S HL(É) EY P TI IL LU(I) BLÓ(M) Ð-I-Í FÓL K

MYND: PUBLIC DOMAIN				FRÉTTA	PIRRA	FÁT	↩	HÓTA	↩	ILMUR	ÞVERTRÉ	↩
								TRÖLLA			LOKKA	
			SMJADUR									
			RÁNUGL									
			↩			SMÆRRA						
						GRUFLA						
			SKÖRP BRÚN				MÆLTI					
							SÁLDRA					
			KRYDDA					5	SAMTÖK			YFIRGAF
			RABB						TÍMABIL			
HÖFUNDUR BH • KROSSGATUR.GATUR.NET		↓	SAMTALS	↩	GILDRÁ	6			UTAN			
			ÖSKORÐAÐ		ÁTT				HAKA		VOPN	
	VONSKA						SVIKULL				KUSK	
							KÖTTUR				JÓÐSÓTT	
	MASAR					HRÓP				HÓPUR		
	NÚMER TÓNVERKS					SAKLAUS				HARLA		
	↩				FLÝTIR			ÁVÖXTUR		2		HEILAN
					ÓKYRR			SPYRJA				
	Í RÖÐ			TREGÐA					ÞÍÐA			
				LOFT- TEGUND					PUMPA			
	LEYSIR				ÆR				EINKENNI			
					HNUSA				GLUFA			
			HLJÓMUR				NÆSTUM				BERGMÁL	
			ÍÞRÓTT				BETL					
	HLÍFA		3			VIÐSKIPTI				STILLA		
	EKTAPAR					MARGVÍS- LEGAN				SKÁLMA		
	↩				SJÓN			FOR			Í RÖÐ	
					RÍKI Í AMERÍKU			PILI			DRAGA UPP	
	FÆDDI			KLETTA- VEGGUR				SPIK				TEMUR
				FYRIRBOÐI				ILLT UMTAL				
	KVITTUN				TOGVINDA	4			FRAM- KVÆMA			
					SIGTA				EINING			
			GUFU- HREINSA		1		MAGN					KLASTUR
			AÐSTOÐ				HOLU- FISKUR					
	SNJÁÐUR							HREYKJA				
								TVEIR EINS				
	STÓRT					TALA				LÍK		
	FAG				ÓSKIPT			ÚTUNGUN				

Verðlaunakrossgáta. Krossgátan er fastur liður í Blaði stéttarfélaganna, félagsmönnum vonandi til ánægju. Hægt er að senda inn réttar lausnir og dregið verður úr þeim sem berast fyrir síðasta móttökuðag, sem að þessu sinni er 15. mars næstkomandi. Verðlaunin eru val á milli peningaupphæðar (12.000 kr.) eða helgardvalar í orlofshúsum félaganna frá 15. september til 1. maí að undanskildum páskum, jólum og áramótum. Nægilegt er að senda svarið ásamt nafni, kennitölu, heimilisfangi og símanúmeri til St.Rv. eða SFR, Grettisgötu 89, 105 Reykjavík. Vinsamlegast merkið umslagði „Krossgáta“. Einnig má senda svar á netfangið krossgata@bsrb.is

Verum skörp

Starfstengt nám

- Nám fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum
- Brúarnám félagsliða og heilbrigðisritara
- Þróttur fyrir starfsfólk í þróttamannvirkja
- Starfsnám stuðningsfulltrúa
- Félagsmála- og tómstundabré
- Viðurkenndur bókarí
- Starfstengd enska
- Verkefnastjórnun
- Þjónustustjórnun
- Launaskólinn
- Jákvæð sálfræði
- Fjármál og rekstur
- Árangursrík framsögn og tjáning
- Vönduð íslenska
- Rekspölur
- Vönduð íslenska
- Rekspölur
- Læknarítaranám - **Nýtt**
- Almennir bókarar - **Nýtt**
- Vaktavinna og lýðheilsa - **Nýtt**
- Innleiðing jafnlaunastaðals - **Nýtt**
- Sótthreinsitæknabré - **Nýtt**
- Mannauðsmál hjá ríkinu - **Nýtt**
- Endurmenntun atvinnubílstjóra - **Nýtt**

Vefnám í tölvufærni

- Almennt tölvunám
- Tölvuleikni – Windows stýrikerfið
- Excel – framhald
- Excel – grunnur - **Nýtt**
- Word – framhald
- Word – grunnur - **Nýtt**
- Fjársjóður Google og vefgerð
- Hugarkort – Mind Mapping
- Myndvinnsla og myndavélar
- PowerPoint – Margmiðlun og kynningar
- Upplýsingamiðlun – Publisher
- Verkefna- og tímastjórnun – Outlook

Nám á netinu

Nám í skólastofum

Nám á vinnustað

smennt.is